

Reglur Reykhólahrepps um skólaakstur í grunn- og leikskóla Reykhólaskóla



1.gr.

Gildissvið og orðskýringar

Um skólaakstur í Reykhólahreppi gilda *Reglur um skólaakstur í grunnskóla, nr. 656/2009* með síðari breytingum samþykktum í sveitarstjórn 8. mars 2023, ásamt sérákvæðum samkvæmt þessum reglum.

Reglur þessar taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og Reykhólaskóla, grunn- og leikskóladeild.

Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur milli heimilis og skóla innan skólahverfis. Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili nemenda.

2.gr.

Ábyrgð

Reykhólahreppur ber ábyrgð á öryggi og velferð nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

3.gr.

Um skipulag skólaaksturs

Reykhólahreppur skipuleggur skólaakstur í dreifbýli milli heimilis og skóla, og skal akstursvegaleið milli heimilis og skóla ekki vera minni en 2 km. Gerðir eru samningar við verktaka um ákveðnar leiðir samkvæmt útboði hverju sinni. Við vissar aðstæður er heimilt að semja við forráðamenn nemenda um þátttöku þeirra í skólaakstri gegn greiðslu. Á það fyrst og fremst um ef ekki er pláss í skólabíl eða heimili er langt frá leið skólabíls, en sveitarstjórn tekur slík mál upp og afgreiðir þau.

Skipulag skólaakstur er miðaður við þarfir grunnskóladeildar en börn frá 2ja ára aldri sem ganga í leikskóla hafa líka aðgang að skólabíl. Óska þarf eftir undanþágu til sveitarstjórnar ef óskað er eftir að börn yngri en 2ja ára fari með skólabíl. Akstur með skólabíl er öllum sem hann nýta að kostnaðarlausu. (Samþykkt í sveitarstjórn 8/9/2016)

Daglegum skólaakstri ber að haga með þeim hætti að nemendum sé ekið heim sem fyrst eftir að skóladegi lýkur. Miða skal við að daglegur heildartími skólaaksturs sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur.

Skólastjóri og tómsfundafulltrúi semja sérstaklega um aukaakstur, s.s. vegna félagsstarfa og vettvangsferða, og hefur heimild til að leita hagstæðasta tilboðs hverju sinni hjá þar til bærum aðilum.

Sé laust pláss í skólabíl mega starfsfólk grunn- og leikskóladeild sem og aðrir nemendur og skólans nýta sér það að fengnu leyfi hjá skólabílstjóra.

4.gr.

Fyrirkomulag - akstursáætlun

Daglegur skólaakstur er í samræmi við samninga um skólaakstur sem í gildi eru hverju sinni.

Skólaaksturinn er skipulagður samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólustjóri vinnur í samráði við skólabílstjóra fyrir hvert skólaár, í samræmi við nemendafjölda og kennsluskipan. Akstursáætlun er lögð fram í upphaf skólaárs þar sem fram koma upplýsingar um fjölda farþega, akstursleiðir og tímasetningar. Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema komi til fjölgun/fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur. Áætlunin skal vera tekin fyrir í sveitarstjórn og samþykkt þar.

Áætlunina skal kynna skólaráði grunnskóla sbr. 8. gr. laga nr. 91/2008 og skal hún vera íbúum sveitarfélagsins aðgengileg á heimasíðu Reykhólahrepps og Reykhólaskóla.

5.gr.
Öryggi farþega

Bifreiðastjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og skal ekki leggja af stað fyrr en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt.

Bifreiðastjóri leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirbyggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Tilkynna ber skólastjóra um slíkar breytingar.

Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. sömu laga.

Skólastjóri metur hvort þörf sé á gæslumanni í skólabifreið með hliðsjón af öryggi, fjölda, aldri nemenda og samsetningu nemendahópsins sem ferðast með bifreiðinni, vegalengd og öðrum aðstæðum.

Bifreiðastjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt út úr skólabifreið.

6.gr.
Fatlaðir nemendur

Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér hefðbundinn skólaakstur eiga rétt á ferðapjónustu til og frá skóla, skv. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, þeim að kostnaðarlausu.

7.gr.
Öryggi og búnaður skólabifreiðar

Bifreið sem er notuð er í skólaakstri skal uppfylla skilyrði til aksturs með grunnskólabörnum samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma.

Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal vera farsími.

8.gr.
Bifreiðastjóri skólabifreiða

Bifreiðastjóri skólabifreiðar skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningsbíla.

Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs eða gæslumann í bifreiðina sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við undirritun samnings við verktaka skal liggja fyrir sakavottorð þess bílstjóra sem ráðinn er til að aka bifreiðinni, sbr. 3.mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008.

Bifreiðastjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er.

Komi upp vandamál í skólabíl, svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra og/eða foreldra.

9.gr.
Um meðferð ágreiningsmála

Telji forráðamaður nemenda einhverja breytingu þurfa í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að brotið sé á rétti barns getur hann leitað mennta- og menningarmálanefndar.